

Stuðningur við nemendur með sérþarfir

Öll kennsla við skólann miðast við hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar en með skóla án aðgreiningar er átt við skóla í heimabyggð eða nærumhverfi nemenda. Í skóla án aðgreiningar er unnið í samræmi við eðli og þarfir hvers nemanda og stuðlað að alhliða þroska hvers og eins. Komið er til móts við náms-, líkams-, félags- og tilfinningalegar þarfir nemenda. Nemendur með sérþarfir eru þeir sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og/eða fötlunar, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með þroskaröskun, geðraskanir og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir. Einnig geta nemendur sem skara fram úr í námi þurft á sérkennslu og/eða stuðningi að halda í námi.

Mikilvægt er að þegar nemendur hefja nám við skólann þá fylgi þeim öll þau gögn sem til eru s.s. persónuupplýsingar og greiningar. Einnig geta foreldrar komið beiðni á framfæri við umsjónarkennara eða skólastjórnendur hvenær sem er á námstíma barnsins ef þeir telja að barnið hafi sérþarfir og þurfi stuðning í námi.

Stuðningur við nemendur getur bæði verið einstaklingskennsla og kennsla í litlum hópi, innan bekkjardeildar og utan. Einnig er um að ræða stuðning í verklegum tímum og íþróttatímum. Stuðningskennsla getur ýmist verið skv. föstum tímum á stundatöflu í lengri tíma og eins í námskeiðsformi þar sem nemandi er þá í nokkrar vikur í senn í stuðningskennslu. Ef fullnægjandi ástæða þykir til geta nemedur hætt í stuðningskennslu hvenær skólaársins sem er og nýir nemendur komið í stað þeirra.

Grundvöllur stuðningskennslu er greining á námsstöðu og vanda nemandans þannig að hægt sé að velja efni og aðferðir sem taldar eru skila sem bestum árangri. Slíkar greiningar geta verið frá kennara, sérkennara, sálfræðingi, lækni, sjúkraþjálfara, talmeinafræðingi og fleiri sérfræðingum. Ef greina þarf vanda nemandans og meta stuðning er það unnið í samráði við foreldra/forráðamenn. Ef um alvarlegan námsvanda er að ræða er gerð einstaklingsáætlun og nemandi er jafnvel með sérstaka stundatöflu. Mikilvægt er að allir þeir sem koma að nemandanum bæði í skólanum og heima vinni saman að lausnum.

Í stuðningskennslunni er lögð sérstök áhersla á lestur, íslensku, stærðfræði og félagsfærni. Stuðningskennslan er í höndum sérkennara, kennara, þroskaþjálfara og stuðningsfulltrúar fylgja nemendum og aðstoða bæði í kennslustundum og utan þeirra. Sérkennarar aðstoða foreldra og nemendur við gerð tilfærsluáætlunar frá grunnskóla yfir í framhaldsskóla ef þess er óskað. Deildastjórar stiga bera ábyrgð á hverju stigi fyrir sig og umsjónarkennari ber ábyrgð á nemendum með sértækar námsþarfir eins og öðrum nemendum í bekknum. Aðstoðarskólastjóri hefur yfirumsjón með skipulagi stuðningsúrræða í skólanum.

Námsmat stuðningskennslu

Í skólalok skila allir þeir sem annast sérkennslu skýrslu um hvern nemandans til aðstoðarskólastjóra. Í henni kemur fram námsstaða nemandans, framkvæmd á námi og kennslu liðins tímabils og mat á því hvort viðkomandi nemandi þurfi áframhaldandi sérkennslu. Þeir nemendur sem fá stuðningskennslu og hafa verið greindir með sértækum náms- og/eða tilfinningaörðugleika hafa heimild til að taka öll sín próf í smærri hópum. Ef nemandi hefur þurft sérhæft námsefni þá tekur hann próf úr því efni og er það merkt sem slíkt á einkunnaspjald hans. Nemendur sem þurfa hjálpartæki t.d. í hlustun fá þjálfun við notkun slíkra tækja.

Íslenska sem annað tungumál

Nemendur með annað móðurmál en íslensku fá aðstoð við að ná tökum á íslenskunni. Misjafnt er hversu oft í viku þessir tímar eru og fer það allt eftir aldri, þroska og þörfum nemandans. Um er að ræða sérkennslu sem miðar að því að efla orðaforða á íslensku þannig að barnið geti tileinkað sér betur annað nám við skólann og tekið þátt í samskiptum við nemendur jafnt sem aðra aðila samfélagsins. Nemendur með annað móðurmál en íslensku eru hvattir til að lesa sitt móðurmál og nýta til þess t.d. veraldarvefinn, bókasafnið o.fl.

Önnur stuðningsúrræði

Námsráðgjafi skólans stendur vörð um velferð nemenda. Námsráðgjafi veitir persónulega ráðgjöf vegna náms og líðan nemenda. Námsráðgjafi hefur umsjón með reiðistjórnunarnámskeiðum, sjálfsstyrkinganámskeiðum, slökun og skynörvun.

Þroskaþjálfar skólans vinna með nemendum sem þurfa þjálfun í færni daglegs lífs, félagsfærni og öðru er snertir bæði líkamlegar og andlegar þarfir nemenda.

Artþjálfarar skólans halda reglulega námskeið í ART (Agression Replacement Training) bæði fyrir einstaklinga og bekki. Þetta er færniþjálfun sem hjálpar nemendum að eiga jákvæð samskipti bæði við börn og fullorðna.

PMTO leiðbeinendur skólans (Parent Management Training – Oregon Model) vinna með foreldrum og meðferðaraðilum að bættri hegðun og samskiptum barna.

Starfsnám er leið sem elstu nemendum er boðið upp á ef þau úrræði sem skólinn býður upp á henta ekki. Tilgangurinn er að styrkja þá, þjálfar og undirbúa sig fyrir þátttöku á vinnumarkaði. Gott samstarf er við hin ýmsu fyrirtæki í bænum varðandi þetta úrræði.